

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 30. júní 2021.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Árni Steinar Stefánsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Benedikt Þór Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

**1. Launadreifing skólaliða 2105014SA**

Erindi frá stéttarfélagi þar sem uppi er ágreiningur við sveitarfélag um útreikning starfshlutfalls skólaliða í launadreifingu.

Á síðastu fundum var málið rætt og afgeiðslu frestað.

**Niðurstaða:**

Eftir að hafa yfirfarið ráðningarsamning starfsmannsins er ljóst að hann er ekki ráðinn í launadreifingu, heldur í 100% starfshlutfall allt árið. Í ráðningarsamningi kemur einnig fram að starfsmaður eigi rétt á launalausum leyfum á sumartíma og í jóla- og páskaleyfum nemenda.

**2. Launadreifing starfsmanna skóla**

Fulltrúar SGS óska eftir að taka fyrir á næsta fundi almenna tilhögun launadreifingar vegna starfsmanna skóla í þeim tilgangi að til verði sameiginleg túlkun aðila á málinu. SGS sendir SNS greinargerð um málið fyrir næsta fund.

Fundi slitið.